

Ed.

165. Frumvarp

til laga um varnir gegn sýkingu nytjajurta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að gera þær ráðstafanir, er það álitur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til

landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að skipa einn eða fleiri menn til eftirlits og rannsókna, þar sem hættu getur verið á skaðlegum sjúkdómum fyrir nytjajurtir. Er eftirlitsmönnum heimilt að framkvæma þær rannsóknir eftir þörfum, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðurreitum. Þeim er heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn án endurgjalds til rannsókna og gera þær bráðabirgðarástafanir, er þeir telja nauðsynlegar.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

5. gr.

Ákveða má í reglugerð, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hættu er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr rikissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr rikissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.